



Verðbólgan hjaðnaði niður í 3,0% í febrúar

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,19% milli mánaða í febrúar skv. tölum Hagstofunnar og mælist 12 mánaða verðbólga nú 3,0%, samanborið við 3,3% í janúar. VNV án húsnæðis hækkaði um 0,15% milli mánaða og á þann mælikvarða mælist 2,1% verðbólga.

Vísitalan hækkaði mun minna en búist var við, en opinberar spár lágu á bilinu 0,6-0,7%. Við spáðum 0,6% hækkun.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- **Föt og skór** hækkuðu einungis um 1,2% en það er töluvert minni febrúarhækkun í kjölfar útsöluloka en venjulega. Þetta er þó ekki einsdæmi þar sem verðhækkunin árið 2017 var einnig mjög lítil eða 0,7%. Annars hefur hækkunin legið á bilinu 4,9-11,7% á árabílinu 2011-2018. Árið 2017 var lítilli verðhækkun í febrúar mætt að hluta til með töluvert mikilli hækkun í mars í staðinn. Ekki er ólíklegt að það verði einnig uppi á teningnum nú í mars og hækkunin þá reynist nokkuð meiri en venja er.
- **Kaup ökutækja** lækkuðu um 0,7% en við höfðum spáð 0,6% hækkun en líklegt er að bílaumboð séu að bregðast við minni sölu með verðlækkunum sem eru umfram það sem vænta má vegna gengisþróunar og almennrar verðbólgu.
- **Flugfargjöld til útlanda** lækkuðu um 11,1% en við höfðum spáð 5% lækkun en þetta mikla frávik er í raun bara hefðbundið frávik í þessum lið sem ávallt reynist mjög erfitt að spá fyrir um.
- **Reiknuð húsaleiga** hækkaði um 0,3% en við höfðum spáð óbreyttu verði.


Gerum ráð fyrir 2,7% verðbólgu í júní

Eins og staðan er í dag reiknum við með 0,5% hækkun VNV í mars, um 0,1% í apríl og 0,1% í maí. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 3,2% í maí.

| | Vægi í VNV | Breyting milli mánaða | tólf mánaða |
|-----------------------------|------------|-----------------------|-------------|
| Matur og drykkjarv. | 11,4% | -0,42% | 4,4% |
| Áfengi og tóbak | 2,4% | 0,47% | 2,7% |
| Föt og skór | 3,2% | 1,19% | -3,5% |
| Húsn. án reikn. húsaleigu | 13,4% | 0,21% | 4,3% |
| Reiknuð húsaleiga | 21,5% | 0,27% | 5,0% |
| Húsgögn og heimilisb. | 4,0% | 5,41% | 4,6% |
| Heilsa | 3,9% | 0,06% | 2,5% |
| Ferðir og flutningar - ann. | 4,0% | 0,24% | -0,4% |
| Kaup ökutækja | 8,6% | -0,74% | 4,6% |
| Bensín og díselolía | 3,2% | 0,18% | 5,0% |
| Flugfargjöld til útlanda | 1,1% | -11,13% | -11,8% |
| Póstur og sími | 2,1% | 1,62% | -7,2% |
| Tómst. og menning | 9,7% | 0,42% | 1,4% |
| Menntun | 0,7% | 0,00% | -1,7% |
| Hótel og veitingast. | 5,1% | -0,09% | 2,7% |
| Aðrar vörur og þjónusta | 5,8% | 0,30% | 2,7% |

Heimild: Hagstofa Íslands


Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands




Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólguþspá




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Mánaðarbreyting VNV í febrúar




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Framlag undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands

Breyting undirliða á tólf mánaða tímabili



Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.